

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. september 2022  
UST202208-317/B.S.  
10.05.01

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Náma við Breiðárlón. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 31. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða efnistöku úr námu sem hefur verið notuð af og til frá árinu 2003. Í hvert sinn hefur verið tekið frekar lítið magn og er heildarvinnsla í námunni nú um 71.000 m<sup>3</sup>. Grjótið er notað til sjóvarna við farveg Jökulsár en til að verja veg, brú og háspennulínu og einnig til að styrkja farveg við ós árinna.

Ljóst er að frekari aðgerða verður þörf á þessu svæði á næstu árum og erfitt að segja fyrir með nákvæmni um framvindu landbrots til lengri tíma og er því nauðsynlegt að geta brugðist skjótt við og hafa aðgang að grjóti bæði á lager og vinnslustáli í námu.

Náman er á svæði sem hentar mjög vel fyrir námu af þessu tagi. Umhverfið er hrjóstrugt, gróðurlítið og frekar nýlega komið undan jökli og ætti að vera auðvelt að ganga frá svæðinu og aðlaga það að landi ef og þegar að því kemur.

Umhverfisstofnun hefur áður gefið umsögn um þessa námu og telur að umhverfisáhrif frekari efnistöku á þessum stað sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að Vegagerðin og Landsnet ættu að skoða meðan tími gefst til hvaða aðrir kostir koma til greina á Breiðamerkursandi ef ekki verður unnt að verja núverandi mannvirki.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*